

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2014

2014/EES/42/11

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 723/2013 frá 26. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarínkjarna (E 392) í tiltekna fítilitlar kjöt- og fiskafurðir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 724/2013 frá 26. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar varðandi nokkur fjölkóhól (pólýól) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 738/2013 frá 30. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna aukefna í fiskhrognahliðstæður að stofni til úr þangi og þara ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á plöntusterólum, sem eru auðug af stigmasteróli, sem bindiefni í áfeng hanastél, sem eru tilbúin til frystingar, og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á plöntusterólum, sem eru auðug af stigmasteróli, sem matvælaaukefni ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):
 - „– **32013 R 0723**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 723/2013 frá 26. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 8),
 - **32013 R 0738**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 738/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 32),
 - **32013 R 0739**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
 - „– **32013 R 0724**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 724/2013 frá 26. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 11),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 27.7.2013, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35.

- **32013 R 0739**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 739/2013 frá 30. júlí 2013 (Stjtið ESB L 204, 31.7.2013, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 723/2013, (ESB) nr. 724/2013, (ESB) nr. 738/2013 og (ESB) nr. 739/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.